

645. fundur

Þriðjudaginn 8. maí 2018 var haldinn fundur í nefnd skv. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993 í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Þessir voru mættir:

Ólafur Friðriksson, formaður ANR
Benedikt S. Benediktsson, FJR
Sigurbjörg Stella Guðmundsdóttir, ANR
Elísabet Anna Jónsdóttir ANR
Kristín Sigfúsdóttir ritari, ANR

1. Lögð fyrir fundargerð 644. Staðfest.
2. Lögð var fram niðurstaða aukaútbóðs á tollkvótum vegna innflutnings á alifuglakjöti lífrænt ræktað/lausagöngu, sbr. reglugerð nr. 374/2018.

Miðvikudaginn 2. maí 2018 rann út tilboðsfrestur í tollkvóta vegna innflutnings á landbúnaðarafurðum frá Evrópusambandinu á kjöti af alifuglum, fryst – lífrænt ræktað/lausagöngu samkvæmt reglugerð nr. 374/2018, (1.) breyting á reglugerð nr. 318/2018 fyrir tímabilið 1. maí – 31. desember 2018.

Samtals bárust 4 gild tilboð í tollkvótann.

Alifuglakjöt, í vörulið ex0207. Fjögur tilboð bárust í tollkvóta vegna innflutnings á alifuglakjöti, samtals 141.667 kg á meðalverðinu 238 kr./kg. Hæsta boð var 610 kr./kg en lægsta boð var 1 kr./kg. Tilboðum var tekið frá tveimur fyrirtækjum um innflutning á 66.667 kg á meðalverðinu 396 kr./kg.

Að tillögu ráðgjafanefndar um inn- og útflutning landbúnaðarvara hefur atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið úthlutað tollkvótum til eftirtalinna fyrirtækja á grundvelli tilboða/umsókna þeirra:

Kjöt af alifuglum, fryst, lífrænt ræktað/lausagöngu ex0207

Magn (stk)	Tilboðsgjafi
10.000	Aðföng
56.667	Mata ehf

3. Tekið var til framhaldsumræðu erindi frá Sölufélagi garðyrkjumanna dags. 5. apríl sl. þar sem bent var á að fyrirsjáanleg vöntun sé á kartöflum á markaðinn. Kannað hefur verið birgðamagn hjá kartöflubændum á Norðurlandi, Þykkvabæ og Hornafirði í sex vikur.

Fleira ekki gert og fundi slitið.